

að unnt sé að taka hana til greina, og vísast hér einnig til þess, sem áður er sagt um aðalkröfu gerðarpóla.

Niðurstaða fógetadómsins verður því sú, að hin umbeðna lög-taksgerð skuli hafa framgang.

Málflytjendur beggja aðilja hafa krafizt þóknunar fyrir málf-lutning eftir mati dómsins. Með tilliti til málsúrslitanna, fyrir-hafnarinnar og kostnaðarins við að fara í annað hérað til að flytja málið þykir eðlilegt að úrskurða gerðarpóla til að greiða málf-lutningsmanni gerðarbeiðanda, hæstaréttarlögmanni Sigurði Ólasyni, kr. 6.000,00 — sex þúsund krónur — fyrir málf-lutning auk alls annars kostnaðar við gerð þessa.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fara fram á ábyrgð gerð-arbeiðanda. Gerðarþoli, Haraldur Böðvarsson & Co., greiði allan kostnað við gerð þessa, þar með talin málf-lutningslaun til hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, sem ákveðast kr. 6.000,00 — sex þúsund krónur.

Mánudaginn 13. febrúar 1956.

Nr. 202/1954. **Fiskveiðahlutafélagið Alliance**

(Magnús Thorlacius)

gegn

Snorra Guðlaugssyni

og gagnsök (Ragnar Ólafsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason og Jónatan Hallvarðs-son, Ármann Snævarr prófessor, Kristján Kristjánsson borgar-fógeti og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1954. Krefst hann *aðallega* sýknu af dómkröfum gagnáfrýjanda, en *til vara*, að kröfur gagn-áfrýjanda verði lækkaðar eftir mati dómsins. Þá krefst hann

og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 6. janúar 1955. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 552.059.18 með 6% ársvöxtum frá 2. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann og viðurkennningar á sjóveðrétti í b/v Jóni forseta, RE 108, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Ekki eru færðar á það sönnur, að gagnáfrýjandi hafi staðið öðruvísi að verki, er slys það varð, sem í málinu greinir, en hann hefur sjálfur skýrt frá. Samkvæmt gögnum málsins hefur gagnáfrýjandi jafnan og í samræmi við venju um borð í togara aðaláfrýjanda beitt slíkum handtökum við vinnu þessa, án þess að það sætti aðfinnslum skipstjórnarmanna. Þykir gagnáfrýjandi því eigi af þeim sökum verða látinn bera tjón sitt sjálfur að neinu leyti, og getur þar engu haggað, þótt tveir skipstjórnarmenn, sem umboðsmaður aðaláfrýjanda hefur kvatt til álitserðar, telji aðra starfsaðferð varlegri. Með skírskotun til þess, er greinir í héraðsdómi um mistök vindumanna og hversu starfið er hættulegt, ber því að leggja alla fébótaábyrgð vegna slyssins á aðaláfrýjanda. Og með því að fallast má á ákvörðun héraðsdóms um fjárhæð fébóta, greiðslu vaxta og málskostnað ber að staðfesta hann. Einnig ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstrétti, er ákveðst kr. 10.000.00.

Samkvæmt 4. tl. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 er og viðurkenndur sjóveðréttur gagnáfrýjanda í b/v Jóni forseta, RE 108, fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Fiskveiðahlutafélagið Alliance, greiði gagnáfrýjanda, Snorra Guðlaugssyni, kr. 390.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. júní 1951 til greiðsludags, kr. 18.000.00 í málskostnað í héraði og kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Á gagnáfrýjandi sjóveðrétt

í b/v Jóni forseta, RE 108, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. desember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ.m., hefur Snorri Guðlaugsson sjómaður, Egilsgötu 28, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, út gefinni 15. maí 1952, gegn Fiskveiðahlutafélaginu Alliance, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 552.059.18, með 6% ársvöxtum frá 2. júní 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í b/v Jóni forseta, RE 108, til tryggingar kröfum þessum.

Stefnda hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en til vara lækkunar á kröfum hans. Í báðum tilvikum hefur stefnda krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að þann 2. júní 1951 var b/v Jón forseti, RE 108, eign stefnda, að veiðum úti af Garðskaga. Er verið var að taka inn toghlerana, varð það slys, að stefnandi, sem var háseti á skipinu, festi hægri hönd sína og meiddist mjög.

Stefnandi skýrir svo frá, að í umrætt sinn hafi veður verið gott og sjólítið. Hann hafi haft það verk á hendi að taka í móti fremri toghleranum, er hann kom upp, og festa hann í toggálgann með svonefndri gálgakeðju. Er hlerinn hafi verið kominn hæfilega hátt upp og stöðvaður, hafi hann tekið gálgakeðjuna með vinstri hendinni og rétt hana í gegn um hlerahöldin. Hægri höndina hafi hann rétt í gegn um aftara hlerahaldið og ætlað að taka á móti keðjunni með henni. Áður en hann hafi náð keðjunni með hægri hendinni, hafi hlerinn dregizt eitthvað hærra upp, og hafi þá þumalfingur hægri handar festst á milli haldanna. Hann hafi þá kallað upp og beðið um, að hlerinn yrði látinn síga niður. Hlerinn hafi þá verið látinn síga nokkuð niður, en þó ekki það langt, að hann hafi getað losað fingurinn. Allt í einu hafi hleranum verið lyft aftur og nú það hátt, að hlerahöldin hafi farið upp í gálgarúlluna, svo langt sem þau hafi komizt. Við þetta hafi höndin klemmzt á milli haldanna og gálgarúllunnar og stórmeiðzt. Hlerinn hafi síðan verið látinn síga aftur, og höndin þá losnað.

Skipstjórinn á b/v Jóni forseta hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann staðið á stjórnþalli skipsins og fylgzt með hreyfingum stefnanda, er slysið varð. Er hlerinn hafi komið í gálgann, hafi verið „nokkurt span á trollinu“ og hlerinn vísað frá borðstokknum, en þar sem logn hafi verið, hafi hlerinn lagzt að gálganum, þegar pokinn kom upp úr sjó. Stefnandi hafi notað báðar hendur við að smeygja gálgakeðjunni í gegnum hlerahöldin, og er hlerinn seig að borðstokknum, hafi hægri hönd hans festst á milli hlerahaldanna og gálgarúllunnar, utanvert við rúlluna. Orsök þessa muni hafa verið sú, að stefnandi muni hafa notað röng handtök, þar sem hann hafi farið með hægri höndina á milli hlerahaldanna og gálgarúllunnar til þess að hjálpa vinstri hendinni við að koma gálgakeðjunni á. Bilið þar á milli hafi minnkað, er hlerinn seig að skipshliðinni, og höndin því festst. Skipstjórinn kveðst þegar hafa kallað til manns þess, er var við togvinduna, að láta hlerann síga niður. Til þess að það væri hægt, hafi þurft að skipta gangi vindunnar þannig, að hún sneri ofan af sér. Áður en það yrði gert, hafi vandan tekið lítið eitt í og hlerinn dregizt enn meira upp, þannig að hönd stefnanda muni hafa klemmzt ennþá meira. Síðan hafi hlerinn verið látinn síga niður, og þá hafi hönd stefnanda losnað.

Annar stýrimaður skipsins stjórnaði togvindu þess í umrætt sinn. Kveðst hann ekki hafa fylgzt með hreyfingum stefnanda og ekki hafa séð, er hann festi hönd sína, og ekkert um það vitað, fyrr en maður, er stóð skammt frá stefnanda, hafi kallað upp og skipstjórinn gefið skipun um að láta hlerann síga niður. Vandan hafi verið hemluð, en lítils háttar gufuprýstingur hafður á til að halda við. Til þess að hægt væri að láta hlerann síga niður, hafi þurft að skipta gangi vindunnar þannig, að hún yndi ofan af sér, en skiptistöngin hafi verið fest með öryggisfestingu. Meðan hann hafi verið að losa öryggisfestinguna af skiptistönginni, hafi átakið á togvírnum eitthvað minnkað og vandan unnið örlítið áfram, og hlerinn því dregizt upp. Síðan kveðst stýrimaðurinn hafa skipt gangi vindunnar og látið hlerann síga niður, og þá hafi stefnandi losnað. Stýrimaðurinn kveður þetta hafa verið fyrstu veiðiferð sína með skipinu, og hann hafi verið óvanur vindunni.

Háseti, er var til aðstoðar öðrum stýrimanni skipsins við togvinduna, kveðst hafa verið við annan hemil vindunnar. Hann hafi ekki orðið var við, er stefnandi festist, og ekkert um það vitað, fyrr en stefnandi hafi kallað upp, að hlerinn væri látinn síga niður. Hann hafi ekki séð glöggt, hvernig stefnandi var

fastur, en virzt bak hægri handar snúa upp, stefnandi halda um aftara hlerahaldið, og höndin eða hluti hennar hafi verið klemmdur milli hlerahaldsins og gálgarúllunnar. Maður þessi kveðst þegar hafa losað um hemilinn, en vindan þá unnið örlítið áfram og hlerinn dregizt upp, áður en tími ynnizt til að skipta um gang vindunnar. Síðan hafi hlerinn verið látinn síga niður, og stefnandi þá losnað.

Maður, er stóð við hlið stefnanda í umrætt sinn, kveðst ekki vita betur en hlerinn hafi verið kyrr, er stefnandi ætlaði að draga gálgakeðjuna í gegnum hlerahöldin. Allt í einu hafi hlerinn dregizt eitthvað upp og stefnandi festst. Kveðst maður þessi þá hafa hrópað upp yfir sig. Í því hafi hlerinn enn dregizt eitthvað upp, en síðan verið látinn síga niður, og stefnandi þá losnað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að skipstjórnamenn stefnda eigi alla sök á slysi þessu. Menn þeir, er vindunni stjórnðu, hafi ekki gætt starfa sinna, svo sem þeim bar, þar sem þeir hafi dregið hlerann upp, meðan hann var að koma gálgakeðjunni fyrir, en það hafi verið frumorsök slyss þessa. Hann hafi reyndar meiðzt lítið þá í upphafi. Aðalmeiðslin hafi hann hlotið, er hlerinn var dreginn upp í síðara sinnið, í stað þess að láta hann síga niður. Orsök þess hafi einungis verið mistök vindumanna. Stefnda beri bótaábyrgð á tjóni því, sem af þessu hafi hlotizt.

Stefnda byggir kröfur sínar á því, að slyss þetta hafi orsakað af ógætni stefnanda sjálfs. Stefnandi sé vanur sjómaður á togurum og þaulvanur því verki, er hann hafi haft með höndum í umrætt sinn. Ástæðan til þess, að stefnandi hafi festst í upphafi, hafi verið sú, að hann hafi ekki beitt réttum handtökum við verk sitt, þar sem hann hafi farið með hægri höndina milli hlerahaldanna og gálgarúllunnar til að hjálpa vinstri hendinni með að koma gálgakeðjunni í gegnum hlerahöldin. Þetta hafi verið algerlega óforsvaranlegt, eins og á stóð. Hvernig sem á málið verði lítið að öðru leyti, þá verði að telja stefnanda sjálfan að minnsta kosti eiga meginsök á slysinu.

Engin sjópróf hafa farið fram vegna slyss þessa, og ekki voru teknar skýrslur af sjónarvottum fyrr en nú í máli þessu.

Af skýrslum þeim, sem fram hafa komið í málinu, verður ekki ráðið, svo öruggt sé, á hvern hátt stefnandi hafi festst í upphafi. Hins vegar er ljóst, að mistök vindumanna hafa valdið því, að hlerinn dróst upp og stefnandi með, er þeir skyldu láta hlerann síga niður, vitandi, að stefnandi hafði fest hönd sína. Það er

samróma álit meðdómsmannanna, sem eru vanir sjómenn og kunnir vinnuaðferðum á togurum, að starf það, er stefnandi hafði á hendi í umrætt sinn, sé verulega hættulegt, en ekki verði séð, að stefnandi hafi sýnt vangæzlu við framkvæmd þess. Með vísan til þessa og þar sem sannað er, að verulegur hluti meiðsla stefnanda a. m. k. verður rakinn til mistaka manna þeirra, er vindunni stjórnun, þá þykir eðlilegt að leggja á stefnda alla fébótaábyrgð vegna slyssins.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkubætur	Kr. 559.653.00
2. Þjáninga- og lýtabætur	„ 60.000.00
	<hr/>
	Kr. 619.653.00

Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi síðan kr. 67.593.00, sem eru bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og kaup, og kemur þannig fram dómkrafa hans, kr. 552.059.18.

Um 1. Gert var að meiðslum stefnanda til bráðabirgða á skipsfjöl.

Var síðan haldið til lands og komið hingað til bæjarins að kvöldi sama dags. Var stefnandi þegar fluttur á sjúkrahús. Við rannsókn á sjúkrahúsinu kom í ljós, að stórt gapandi sár var yfir þveran hægri handar lófann ofanverðan og náði yfir á handarbak ölnarmegin. Önnur rifa lá frá þessari rifu milli þumals og litla fingursvöðva upp á úlnlið. Þumalfingur var rifinn af, svo hann hékk aðeins á stilk lófamegin. Öll miðhandarbein voru brotin. Höndin var öll mjög kramin, og voru vöðvar og taugar rifnar. Höndin var löguð, svo sem hægt var, og sár saumuð saman, ef tækist að bjarga henni. Það tókst ekki, og þann 3. júlí 1951 var höndin tekin af ofan úlnliðs. Var síðan grætt fyrir stúfinn, og fór stefnandi af sjúkrahúsinu 2. ágúst 1951. Við skoðun þann 20. janúar 1952 mældist stúfurinn 23 cm frá ölnbogakrumma. Örið var vel gróið og bólgulaust.

Þann 8. janúar 1952 var stefnandi skoðaður af Páli Sigurðs-syni tryggingayfirlækni og örorka hans metin. Segir svo í vottorði tryggingayfirlæknisins, sem dagsett er 17. marz 1952: „Hægri hönd vantar. Hefur hún verið numin burt nokkuð ofan við úlnliðinn. Borið saman við vinstri handlim, virðist vanta um 6 cm á framhandlegginn. Það er vel gróið fyrir stúfinn, allmiklið er dregið úr vöðvum á framhandleggnum. Mælist gildleiki stúfsins 10 cm, en tilsvarendi staður á vinstra framhandlegg mælist 20 cm.

Örorka vegna slyssins 2. júní 1952 telst hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá 2. júní til 2. ágúst 1951 100%.

Frá 3. ágúst til 31. desember 1951 80%.

Frá 1. janúar 1952 varanleg örorka 60%“.

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út heildarverðmæti tjóns þess, sem stefnandi hafi beðið af örorku þessari. Hinn sérfróði maður hefur talið, að miðað við atvinnutekjur stefnanda árin fyrir slysið og fyrrgreint örorkumat, þá nemi heildarverðmæti örorkutjónsins kr. 559.653.00, og er þá reiknað með 4% ársvöxtum. Er krafa stefnanda á þessu byggð. Þá hefur sami maður reiknað út, að heildarverðmæti örorkulífeyris þess, er stefnandi fær frá Tryggingastofnun ríkisins, nemi kr. 53.280.00 og verðmæti lífeyris til barns hans alls kr. 7.745.00. Auk þess hafi stefnandi fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 5.630.00.

Af hálfu stefnda hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem allt of háum.

Stefnandi var 31 árs að aldri, er slysið varð. Hann virðist hafa verið kvæntur og átt eitt barn. Stefnandi mun yfirleitt hafa stundað sjómennsku á togurum og verið heilsuhraustur. Atvinnutekjur hans árið 1948 eru taldar hafa numið kr. 45.999.00, árið 1949 kr. 37.005.00, árið 1950 kr. 35.974.00 og árið 1951 til slysdags kr. 29,449.00.

Þegar þetta allt er virt svo og annað það, er hér skiptir máli, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 350.000,00, og er þá einnig höfð hliðsjón af því, að vextir hér á landi eru almennt hærrí en 4% p.a., en við það hefur tryggingafræðingurinn miðað útreikning sinn. Hefur þá einnig verið dregið frá verðmæti þess lífeyris, er hann hefur fengið og mun fá frá Tryggingastofnun ríkisins, svo og laun þau, er stefnda greiddi honum fyrst eftir slysið og nema kr. 938.82.

Um 2. Af hálfu stefnda hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem allt of háum.

Hér að framan hefur meiðslum stefnda verið lýst svo og afleiðingum þeirra. Þegar þetta er virt svo annað það, er hér skiptir máli, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 40.000,00.

Samkvæmt þessu verða málalok þau, að stefnda verður dæmt til að greiða stefnanda alls kr. 390.000.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt eftir þessum málalokum að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000,00.

Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um sjóveðrétt í b/v Jóni forseta, RE 108, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt með-dómsmönnum Jóni Ármannssyni sjómanni og Jónasi Jónasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefnda, Fiskveiðahlutafélagið Alliance, greiði stefnanda, Snorra Guðlaugssyni, kr. 390.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. júní 1951 til greiðsludags og kr. 18.000,00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í b/v Jóni forseta, RE 108, til tryggingar þessum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lög-birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. febrúar 1956.

Nr. 188/1955. **Guðjón Steingrímsson** (sjálfur)

gegn

Guðmundi Elíasi Árnasyni

(Benedikt Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um þóknun fyrir milligöngu um sölu fasteignar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember f. á., gerir þær dómkröfur, aðallega að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3800.00, en til vara aðra lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 4. október 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst aðallega stað-